

**FUNDARGERÐ**  
**BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**737. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 13. febrúar 2012  
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Fundarboð aðalfundar Landsamtaka landeigenda á Íslandi.
2. Bréf Þorbjörns Gíslasonar, trúnaðarmanns kennara.
3. Afhending samningsumboðs.
4. Drög að samningi um gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi.
5. Erindi Flugleiðahótela ehf.

**Afgreiðslur:**

1. Fram lagt aðalfundarboð Landssamtaka landeigenda á Íslandi. Fundurinn verður haldinn í Reykjavík þann 16. febrúar nk. kl. 13:00. Samþykkt að Gunnar Sæmundsson verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum.
2. Bréf Þorbjörns Gíslasonar, trúnaðarmanns kennara lagt fram. Í bréfinu er því mótmælt að áheyrnarfulltrúum kennara á fundum fræðsluráðs sé ekki greitt fyrir fundarsetu. Byggðarráð felur sveitarstjóra að afla upplýsinga um málið frá kjarasviði sambands íslenskra sveitarfélaga.
3. Byggðarráð samþykkir að veita Sambandi íslenskra sveitarfélaga umboð sveitarfélagsins við samningsgerð við Sjúkraliðafélag Íslands.
4. Fram lagður samningur milli Flokkunar Eyjafjarðar ehf., Norðurár bs., Sorpsamlags Þingeyinga ehf. og Húnaþings vestra um gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi. Byggðarráð samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra undirritun hans.
5. Bréf, Tryggva Guðmundssonar, f.h. Flugleiðahótela ehf. lagt fram. Í bréfinu er óskað eftir viðræðum við fulltrúa sveitarstjórnar Húnaþings vestra um endurnýjun leigusamnings um húsnæði Laugarbakkaskóla. Byggðarráð felur sveitarstjóra og oddvita að ganga til viðræðna um málið við fulltrúa Flugleiðahótela ehf.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:00

---

Stefán Einar Böðvarsson.

---

Leó Örn Þorleifsson.

---

Elín R. Líndal.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Sigurður Kjartansson.